

Allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur

Reykjavík 8.3. 2024

Efni: Umsögn um þingskjal 930 — 624. mál. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972 (gervigreindarfólk og sjálfvirk gagnagreining).

Eitt af mörgum hagsmunamálum sem flytjendur, framleiðendur og höfundar verka sem verndar njóta samkvæmt höfundalögum glíma við þessa stundina er hvaða áhrif gervigreind getur haft á réttindi þessara rétthafahópa.

Allir þessir rétthafar standa saman í þeirri baráttu að koma í veg fyrir að verk eða flutningur þeirra sé tekið ófrjálsri hendi. Leita þarf ávallt heimildar viðkomandi rétthafa sé gervigreind notuð í tengslum við verk eða flutning. Rétthafahóparnir hafa áður unnið allmörg dómsmál gegn fjarskiptafyrirkjóm þar sem tónlist hafði verið dreift án heimildar rétthafa.

Lagt er til að Menningar-og viðskiptaráðuneytinu verði falið að skoða hvernig löggjafinn gæti brugðist við notkun gervigreindar í höfundarétti í víðasta skilningi. Yrði það væntanlega á vettvangi Höfundaréttarnefndar sem er ráðuneytinu til ráðuneytis í höfundaréttarmálum. Skoða þarf m.a. ýmis tilvik sem upp hafa komið í þessum efnum og kanna réttarástand innan Evrópusambandsins hvað gervigreind áhrærir.

Af hálfu SFH er algjörlega hafnað efni 3. greinar frumvarpsins sem ef yrði að lögum gæti skapað mikið öngþveiti. Þar væri verið að opna fyrir misnotkun á þeim gervigreindarmiðlum sem nú eru til staðar og opna leið fyrir frekari brot í framtíðinni gegn rétthöfum á sviði höfundaréttar.

F.h. Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Ásmundur Jónsson

Formaður stjórnar SFH